

# Samningur nemanda við afreksíþróttasvið Borgarholtsskóla

Afreksíþróttasvið Borgarholtsskóla er námskostur sem býður nemendum sínum upp á þjálfun og kennslu sem miðast að þeirri íþrótt sem þeir stunda (samþykkt innan ÍSÍ) sem hluta af námi nemenda við skólann. Afreksíþróttasviðið leggur áherslu á alhliða uppbyggingu einstaklingsins, innan sem utan íþróttar, með heilbrigðan lífstíl í forgrunni undir gildunum AGI | VIRÐING | VÆNTINGAR. Að vera á afreksíþróttasviði er einstakt tækifæri til samþætta skóla og íþróttaiðkun.

Ég undirrituð/-aður, nemandi á afreksíþróttasviði Borgarholtsskóla samþykki að fara eftir skólareglum Borgarholtsskóla í hvívetna. Nánar tiltekið reglum um skólasókn, námsframvindu, reykingar og aðra vímuefnanotkun. Ríkari krafa er gerð til nemenda sviðsins um mætingu (95% að lágmarki) en almennt gerist í skólanum. Ég skuldbind mig einnig til að stunda íþrótt mína (íþrótt innan vébanda ÍSÍ) af kappi og bestu getu á meðan á námstíma mínum stendur sem hluta náminu mínu við sviðið. Gegn ofangreindum skuldbindingum og að uppfylltum skilyrðum fæ ég, nemandi leyfi fyrir æfingum, æfingaferðum og keppnisferðum á skólatíma (sjá nánar í reglum um leyfi).

Við brot á reglum sviðsins gildir eftirfarandi

- Við brot á reglum um reykingar, neyslu áfengis og annarra vímuefna (nánar tilgreint í skólareglum sjá [www.bhs.is](http://www.bhs.is)) fyrirgerir nemandinn rétti sínum til að fá að taka áfanga afreksíþróttasviðs. Nemandi verður því skráður úr áfanganum að loknum fundi með nemanda og forráðamönnum. Með undirritun þessa samnings staðfestir undirritaður nemandi og forráðamaður að þeim sé ofangreind viðurlög ljós og una þeim.
- Sé markmiðum um eðlilega námsframvindu (sjá skólareglur Borgarholtsskóla á [bhs.is](http://bhs.is)), námsárangri (5 eða hærra í lokaeinkunn AFR áfanga) eða skólasókn (>95% til skólasóknareinkunnar) ekki sinnt fær nemandi skriflega áminningu og fund með verkefnisstjóra. Bæti nemandi ekki ráð sitt samkvæmt því sem ákveðið er á fundi með verkefnisstjóra fyrirgerir nemandi rétti sínum til áframhaldandi náms í áfanganum.

fyrir ólöggráða nemendur (yngri en 18 ára)

X \_\_\_\_\_

nemandi á afreksíþróttasviði veturinn 2018-2019

X \_\_\_\_\_

forráðamaður nemanda á afreksíþróttasviði

fyrir hönd afreksíþróttasviðs Borgarholtsskóla

\_\_\_\_\_  
Sveinn Þorgeirsson, verkefnisstjóri afreksíþróttasviðs